

Fimmtugasti og fjórði fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn 16. júní 2020 á skrifstofu Heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Pverholti 2 í Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:00.

Mættir: Hannes Tryggvi Hafstein, Magnús Rúnar Dalberg, Sigríður Klara Árnadóttir, Valborg Anna Ólafsdóttir, Linda Björk Ragnarsdóttir, Arna Hagalínsdóttir og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Starfsmannamál - Trúnaðarmál.

Lagðar fram bókanir sveitarstjórna, Bæjarráðs Mosfellsbæjar á 1443. fundi, Hreppsnefndar Kjósarhrepps á 215. fundi og Bæjarráðs Seltjarnarnes á fundi 28. maí. Árni vék af fundi meðan þetta mál var rætt.

Afgreiðsla færð í trúnaðarmálabók.

2. Leirvogstungumelar.

Þann 2. desember 2019 sækir Valur Stefánsson f. h. Vöku hf. um starfsleyfi fyrir geymslusvæði fyrir bifreiðar og tæki á Leirvogstungumelum. Óskað var umsagnar Mosfellsbæjar þann 2. desember 2019 um umsóknina og barst umsögn frá skipulagsyfirvöldum í Mosfellsbæ þann 3. desember 2019, þar sem ekki var hægt að taka afstöðu til erindisins. Umsögn skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar um umsókn Vöku um starfsleyfi barst 9. júní. Niðurstaða umsagnar er neikvæð því óskinn er í ósamræmi við aðalskipulag Mosfellsbæjar sem og ákvæði skipulagsreglugerðar. Eftirlitsferð var farin 9. júní 2020 með fulltrúum Vöku. Nokkur hreinsun hefur átt sér stað á svæðinu. Heilbrigðiseftirlitið óskaði eftir tímasettri áætlun um hreinsun svæðisins frá Vöku. Minnisblað heilbrigðiseftirlits lagt fram.

Ekki er forsenda til að afgreiða umsókn Vöku um geymslusvæði í kjölfar neikvæðrar umsagnar frá skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar. Afgreiðsla umsóknar er því hafnað.

Heilbrigðisnefnd fellst á tímamörk um hreinsun svæða 2, 3 og 4 í áætlun Vöku en hafnar söfnun á efni á svæði 1 og mögulega 2 og gerir kröfu um að öll svæði verði hreinsuð innan tímamarka. Lokafrestur til hreinsunar allra svæða er gefin til 1. september n.k.

3. Asbest í Varmárskóla.

Ístak hf. sækir um tímabundið starfsleyfi til að fjarlægja sólbekki úr asbesti úr byggingu Varmárskóla í Mosfellsbæ. Um er að ræða nokkra sólbekki í hluta byggingarinnar. Gildistími starfsleyfisins er frá 20. júní til 10. ágúst. Það er auglýst samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerðar nr. 705/2009 um asbestúrgang. Fyrirhugað leyfi er með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi og sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir tímabundinn atvinnurekstur vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja og þeirra skilyrða sem sett eru fyrir niðurrifi á asbesti í reglugerð um asbestúrgang. Starfsleyfið var í auglýsingu frá 19. maí til 15. júní. Minnisblað heilbrigðiseftirlits lagt fram. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatímanum.

Tímabundið starfsleyfi Ístaks er samþykkt.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

4. Umsókn um starfsleyfi fyrir geymslu sleðahunda Egilsmóum 12.

Þann 20. maí 2020 sækir Claire Thuilliez f.h. Dogsledding Iceland ehf. um nýtt starfsleyfi fyrir hundageymslu að Egilsmóum 12 í Mosfellsdal í Mosfellsbæ. Hundageymslan er fyrir 50 sleðahunda sem eru notaðir í hundasleðaferðir fyrir ferðamenn. Fylgigögn með umsókn er bréf til íbúa. Það er auglýst samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Fyrirhugað leyfi er auglýst með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi. Starfsleyfið er í auglýsingu frá 20. maí til 16. júní. Lögð eru fram gögn sem bárust á auglýsingatímanum, bréf íbúa með undirskriftarlista 9. júní og sex önnur bréf íbúa. Minnisblað heilbrigðiseftirlits lagt fram.

Málið kynnnt, athugasemdafrestur er ekki liðinn.

5. Ársreikningur heilbrigðiseftirlits.

Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis lagður fram.

Villa var í ársreikningi sem þarf að laga áður en hann er undirritaður.

6. Ráðning sumarstarfsmanna.

Staðgengill framkvæmdastjóra leggur til að ráðnir verði tveir sumarstarfsmenn í sumar (eða haust) til að sinna reglubundnu eftirliti til að uppfylla eftirlitsáætlun. Annar yrði ráðin í 60% starf í tvo mánuði og hinn í 100% starf í 3 mánuði. Leigður yrði ódýr bílaleigubíll fyrir akstur þessara starfsmanna. Lagt er fram yfirlit yfir stöðu heilbrigðiseftirlits og launaútreikningur launadeildar auk tilboðs frá bílaleigu. *Skóða þarf fjárhagsstöðuna en gert er ráð fyrir að byrja á því að ráða einn starfsmann.*

7. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 21:04.